

FUNDARGERÐ

598. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, föstudaginn 21. febrúar, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn að hluta George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Oddviti bauð Þóreyju Richardt Úlfarsdóttur velkomna til starfa sem aðalmaður í sveitarstjórn og vonast eftir góðu samstarfi um málefni sveitarfélagsins.

Oddviti leitar afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

V – 8 Minnisblað af fundi með heilbrigðisráðherra.

III – 13 Erindi vegna Sólheimakapellu.

III – 14 Jafnlaunastefna Mýrdalshrepps.

Afbrigðin samþykkt

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.

Lögð fram fundargerð 277. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 13. febrúar 2020.

Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Rangárþing eystra – Endurskoðun aðalskipulags.

Óskað var umsagna um skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032. Nefndin gerði engar athugasemdir.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Skaftárhreppur – Endurskoðun aðalskipulags.

Óskað var umsagna um lýsingu vegna aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032. Nefndin gerði engar athugasemdir.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

PT
EKE
pw

2.3. Varnargarður við Víkurklett.

Nefndin samþykkti tillögu Vegagerðarinnar um staðsetningu varnargarðs við Víkurklett en lagði áherslu á að þjóðleið sem liggur meðfram Víkurhömrum og reiðleið sem fylgir þjóðvegi 1 yrði veitt yfir garðinn. Nefndin samþykkti jafnframt að vegslóða sem liggur frá þjóðvegi 1 í suðurátt að fjöru verði lokað.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.4. Víkurbraut 32A – Umsókn um stofnun lóðar.

Nefndin synjaði beiðni frá Hauki Pálmasyni um stofnun lóðar undir bílskúr en svæðið er ekki skipulagt. Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.5. Sléttuvegur 6 – Umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykktu umsókn Sigurðar Elíasar Guðmundssonar um stöðuleyfi fyrir gám við Sléttuveg 6.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.6. Sléttuvegur 10 – Umsókn um stækkun lóðar.

Nefndin samþykkti umsókn um stækkun lóðarinnar við Sléttuveg 10 frá Vilhjálmi Sigurðssyni f.h. Hótel Kríu ehf., nánar tiltekið tillögu tvö sem felur í sér 20 metra stækkun til vesturs.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.7. Golfvöllurinn Vík – umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn frá Holly Keyser um stöðuleyfi fyrir matarvagn við golfvöllinn í Vík.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar sem er þó háð samning um að starfseminni fylgja verkefni á vegum golfklúbbsins.

2.8. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur – Breyting á aðalskipulagi.

Nefndin gerði athugasemd við staðsetningu námu í landi Mýrdalshrepps vegna fyrirhugaðs varnargarðs undan Víkurkletti og gerði athugasemd við staðsetningu vinnslusvæðis vegna nálægðar við þjóðveg.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

2.9. Víkurbraut – Umsókn um stofnun lóðar.

Nefndin synjaði beiðni frá Jóni Þorsteinsyni um stofnun lóðar undir litla kjötvinnslu og reykhus en svæðið er ekki skipulagt. Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Bréf frá Arcanum Fjallaleiðsögumenn ehf. og Logakór ehf.

Arnar Bjarnason og Halldór Ingi Hákonarson fh. Arcanum Fjallaleiðsögumanna ehf. og



Logakórs ehf. óskuðu eftir því að sveitarstjórn veiti byggingarleyfi fyrir byggingu starfsmannaíbúða að Ytri Sólheimum 1A.

Skv. verklagi Mýrdalshrepps liggur ákvörðun um útgáfu byggingarleyfis hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps. Því verður ekki fallist á að sveitarstjórn hlutist til um það. Sveitarstjórn vísar jafnframt til þess að um stöðuleyfisgjöld gilda reglur Mýrdalshrepps sem ekki verður vikið frá í þessu tilviki.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að svara erindinu.

4. Fundargerðir fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Lagðar fram eftirfarandi fundargerðir:

4.1. Fundargerð 249. fundar, haldinn 19. nóvember 2019.

Nefndin samþykkti starfsáætlun og skólanámskrá Víkurskóla 2019-2020.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4.2. Fundargerð 250. fundar, haldinn 21. janúar 2020.

Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð ungmennaráðs Mýrdalshrepps.

Lögð fram fundargerð 1. fundar ungmennaráðs Mýrdalshrepps, haldinn 10. janúar 2020.

Sveitarstjórn fagnar því að ungmennaráð sé tekið til starfa í Mýrdalshreppi, sveitarstjórn þakkar jafnframt ábendingarnar og felur sveitarstjóra að bregðast við þeim.

6. Umsókn um námsvist utan lögheimilis sveitarfélags.

Fært í trúnaðarbók.

7. Umsagnarbeiðnir.

7.1. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um endurnýjun á rekstarleyfi til sölu gistingar í flokki II-íbúðir á Austurvegi 11-b fnr. 218-8606, ábyrgðarmaður Ragnar Þórir Guðgeirsson.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“

Með nýrri reglugerð um veitinga- og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c-lið 4. gr.

PT
EAT
B
Pni

reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri en 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við útgáfu rekstarleyfis vegna Austurvegar 11-b til 1. janúar, 2022.

- 7.2. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um endurnýjun á rekstarleyfi til sölu gistingar í flokki II-íbúðir á Austurvegi 11-c fnr. 218-8607, ábyrgðarmaður Ragnar Þórir Guðgeirsson.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“

Með nýrri reglugerð um veitinga- og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c-lið 4. gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri en 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við útgáfu rekstarleyfis vegna Austurvegar 11-c til 1. janúar, 2022.

- 7.3. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um endurnýjun á rekstarleyfi til sölu gistingar í flokki II-íbúðir á Kirkjuvegi 1 fnr. 218-8660, ábyrgðarmaður Egilína Sigríður Guðgeirsdóttir.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“

PT
EKE
B. ÞOR

Með nýrri reglugerð um veitinga- og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c-lið 4. gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri en 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við útgáfu rekstarleyfis vegna Kirkjuvegur 1 til 1. janúar, 2022.

- 7.4. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um tækifærisleyfi í Leikskálum, ábyrgðarmaður Pawel Krzedina.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- 7.5. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar frá Búnaðarfélagi Hvamshrepps um tækifærisleyfi vegna þorrablóts á Eyrarlandi, ábyrgðarmaður Ólafur Þorsteinn Gunnarsson.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

8. Tilboð í byggingu bílskúra.

Lagt fram tilboð frá Afl smíði og múr ehf. og Bergrúnu ehf. í byggingu bílskúra við Sunnubraut og Mánabraut í Vík.

Páll Tómasson vísar af fundi.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til afstaða annarra húseigenda liggur fyrir.

Páll kemur aftur inná fundinn.

9. Tillaga um slit á bs. Green Globe 21. og bs. Atvinnu/ferðamálafr. Rang/V-Skaft.

Lögð fram tillaga um slit á ofangreindum byggðasamlögum sem hafa verið óvirk í mörg ár.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

10. Viljayfirlýsing um samstarf við Bjarg fasteignafélag um uppbyggingu leiguíbúða í Mýrdalshreppi.

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um samstarf milli Bjargs fasteignafélags og Mýrdalshrepps um að byggðar verði 12 leiguíbúðir á grundvelli laga um almennar íbúðir á Sléttuvegi.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að ganga frá undirritun.

11. Yfirdráttarheimild fyrir Hjallatún.

Lögð fram tillaga um að sótt verði um 10 m. kr. yfirdráttarheimild hjá Arion banka.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna

12. Framkvæmdayfirlit 2019.

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir kostnað við framkvæmdir ársins 2019.

13. Lóðaúthlutanir.

- 13.1. Orri Örvarsson sótti um lóðina Sunnubraut 22 fyrir einbýlishús.

PT
EKK
EKK
EKK

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

- 13.2. George Frumuselu og Afl smíði og múr ehf. sóttu um lóðina Sunnubraut 32 fyrir einbýlishús.

Með vísan í 6. gr. reglna um lóðaúthlutun í Mýrdalshreppi samþykkir sveitarstjórn að úthluta lóðinni til George Frumuselu.

- 13.3. Carina Ek sótti um lóðina Mýrarbraut 14 fyrir einbýlishús.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

- 13.4. Ingvar Jóhannesson sótti um lóðina Mýrarbraut 16 fyrir einbýlishús.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

- 13.5. Klettsvegur 4.

Sveitarstjórn frestar úthlutun

14. Endurskoðuð jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps.

Lögð fram drög að endurskoðaðri jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir drögin

15. Erindi vegna Sólheimakapellu.

Lagt fram erindi frá Elínu Einarsdóttur f.h. Sólheimakapellu þar sem óskað er eftir niðurfellingu fjallskila.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

16. Jafnlaunastefna Mýrdalshrepps.

Lögð fram drög að jafnlaunastefnu Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir drögin.

17. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 50. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn 21. janúar 2020.

Fundargerð 73. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 6. febrúar 2020.

Fundargerð 1. fundar verkefnishóps um mat á áhrifum sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi, haldinn 13. desember 2019.

Fundargerð 2. fundar verkefnishóps um mat á áhrifum sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi, haldinn 15. janúar 2020.

Fundargerð 3. fundar verkefnishóps um mat á áhrifum sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi, haldinn 27. janúar 2020.

Fundargerð 4. fundar verkefnishóps um mat á áhrifum sameiningar sveitarfélaga á Suðurlandi, haldinn 11. febrúar 2020.

18. Kynningarefni.


Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

Boðun XXXV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Vesturbærinn í Vík, kynning.
Áfangastaður í Víkurfjöru.
Viðmiðunarreglur um framlög til stjórn málaflokka.
Stefna íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.
Samantekt af íbúafundi vegna endurskoðunar aðalskipulags.
Víkurbraut 5, kynning.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:18




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir